



Krónan í styrkingarfasa frá lokum október 2013

Undanfarna mánuði og ár hefur gengi krónu styrkst mikið, og það þrátt fyrir veruleg gjaldeyriskaup Seðlabankans. Þann 18. maí síðastliðinn tilkynnti bankinn að hann væri hættur reglulegum kaupum á gjaldeyri (evrum) af viðskiptavökum á markaði.

Í tilkynningunni kom fram að gjaldeyrisforðinn væri orðinn það stór að frekari reglubundin kaup væru óþörf og að þeim yrði hætt frá og með mánuðeginum 22. maí. Síðan þá hefur bankinn einu sinni komið inn á markaðinn til að kaupa gjaldeyri, samkvæmt tölum Seðlabankans. Heildarkaup bankans á árinu nema um 77 mö.kr.

Fimm gjaldmiðlar saman með 81% vægi

Hægt er að skoða gríðarmikla styrkingu nafngengis krónu út frá ólíkum gjaldmiðlum, mælikvörðum og tímabilum. Í nýju þröngu viðskiptavoginni, er tók gildi um áramótin, eru 13 gjaldmiðlar. Samanlagt vægi þeirra fimm gjaldmiðla sem hafa mesta vigt í voginni er um 81%. Gjaldmiðlarnir eru: evra, Bandaríkjadalur, pund, dönsk króna og norsk króna.


Evran hefur sem fyrr langmest vægi, eða 40,68%. Með dönsku krónunni fer vægið í tæp 49%. Þróun gengis þessara fimm mynta, sérstaklega evru, ræður því miklu um þróun vísitölu meðalgengis sem byggir á þröngri viðskiptavog.

Almenn gengisstyrking krónu á árinu


Gengi krónu mælt með vísitölunni hefur styrkst um 7,7% frá áramótum¹. Á tímabilinu hefur gengi krónu styrkst gagnvart öllum 13 gjaldmiðlum vísitölunnar, mest á móti brasilísku ríal (12,47%) en minnst á móti rússnesku rúblunni (4,5%).

¹ Miðað við dagslokagengi 15. júní síðastliðinn.


Gengi krónu frá áramótum



Meðalgengi mánaðar 2017



Árleg gengisbreyting krónu





Af þeim fimm gjaldmiðlum sem eru með mest vægi í vísitölunni, hefur mest styrking átt sér stað gagnvart Bandaríkjadal, eða um 11,8%. Á móti evru nemur gengisstyrkingin 5,7%. Þann 15. júní stóð gengisvísitalan í um 150 stigum, evran og Bandaríkjadalur í um 113 og 101 krónum.

Meðalgengi mánaðar lækkað úr 165 í 148 stig

Í janúar á þessu ári var meðalgengi vísitölunnar 164,9 stig og evrunnar 121,4 krónur. Nú í júní stendur það í um 148,4 stigum og evran í 111,5 krónum. Þessar stærðir hafa því lækkað um 10% og 8,2%, eða sem samsvarar 11,1% og 8,9% gengisstyrkingu krónu. Meðalgengið það sem af er ári er 158,4 stig og 117,2 krónur.

Um 6,7% styrking frá afnámi hafta

Þann 14. mars voru fjármagnshöftin afnumin að langmestu leyti. Frá þeim tíma hefur gengi krónu haldið áfram að styrkjast. Gengisstyrkingin nemur um 6,7% gagnvart vísitölu meðalgengis, 5,1% á móti evru og 10% á móti Bandaríkjadal.

Mest styrking gagnvart pundi í fyrra


Á síðasta ári styrktist gengi krónu um 18,4% á mælikvarða vísitölu meðalgengis. Gengi krónu styrktist gagnvart öllum gjaldmiðlum viðskiptavogarinnar nema rússneskri rúblu og brasilísku ríal, langmest á móti bresku pundi (+38,3%) af þeim fimm myntum sem vega mest í voginni, og um 18,6% og 14,9% á móti evru og Bandaríkjadal.

Nær samfelld styrking síðustu 3-4 ár


Undanfarin 3-4 ár hefur gengi krónu styrkst verulega. Vísitalan og gengi evrunnar var að meðaltali 219 stig og 162,4 krónur árið 2013; á síðasta ári stóð meðalgengið í 179,6 stigum og 133,6 krónum. Þetta er um 21,9% og 21,6% hækkun meðalgengis krónu á þessum þremur árum.

Gengisvísitalan hefur verið í lækunarfasa frá hágildi þann 28. október 2013. Lækkunin nemur um


Meðalgengi árs 2009-17



Gengisbreyting krónu



Gengisbreyting krónu





32% miðað við 15. júní sem lokadagsetningu. Það samsvarar um 47% styrkingu gengis krónu.

Gengisstyrkingin gagnvart evru á tímabilinu er sú sama en er mun minni á móti Bandaríkjadal (+18,9%). Gengi krónu gagnvart evru hefur styrkst milli mánaða í 31 skipti á síðustu 43 mánuðum.




Gengi krónu hefur styrkst meira gagnvart norsku krónunni (+72%) og breska pundinu (+51,7%) á tímabilinu. Erlend áhrif, þ.e. styrking gengis Bandaríkjadals (+32%) og punds (15,5%) á móti evru, vega á móti 5,8% styrkingu krónu gagnvart evru á tímabilinu frá 8. maí 2014 til 16. mars 2015.

Gengissveiflur í EURISK hafa aukist

Mögulegt er að nota hlutfallsbreytingar á gengi frá degi til dags sem einfaldan mælikvarða á flökt (e. volatility) á gjaldeyrismarkaði. Frá áramótum má merkja meiri sveiflur í gengi krónu gagnvart evru en fram að þeim tíma var EURISK krossinn tiltölulegar stöðugur.

Það sem af er ári höfum við fengið fjórtán daga þar sem krossinn hækkar eða lækkar um meira en 1% á dag, þar af eru þrjú skipti þar sem hækkunin/lækkunin nemur 2% eða meira.

Að sama skapi hefur flöktið í skiptigengi krónu á móti Bandaríkjadal heldur aukist undanfarna mánuði. Í 21 skipti á árinu nemur dagsbreytingin 1% eða meira og þar af eru sjö dagar þar sem breytingin milli daga er +/- 2% eða meira.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.